

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 152. löggjafarþings, frá 28. desember 2021 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 17. janúar 2022.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 2021.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Katrín Jakobsdóttir.*“

Alþingi samþykkti 28. desember 2021 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 152. löggjafarþings, frestað 28. desember 2021.

*Forsætisráðuneytinu, 29. desember 2021.*

F. h. forsætisráðherra,  
**Ágúst Geir Ágústsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ásta Bjarnadóttir.*